

# 31. Réttindi kanínunnar

Við eigum rétt á að vera ánægð, örugg og heilbrigð

Málefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	8–10 ára
Tími	30 mínútur
Hópstærð	5–20 börn
Tegund verkefnis	Ímyndun, hugstormun, umræður
Yfirlit	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að kynna Barnasáttmálann</li> <li>• Að sýna börnum fram á að þau gera sér ósjálfrátt grein fyrir réttindum barna</li> <li>• Að tengja þarfir manneskjunnar mannréttindum</li> </ul>
Markmið	Börnin ímynda sér þá umönnun sem kanínuungi þarf á að halda og síðan hvað börn hafa þörf fyrir og rétt þeirra til að komast lífs af og þroskast
Undirbúningur	• Búðu til veggspjald með Barnasáttmálanum eða ljósritaðu hann
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Pappírsarkir og merkipennar</li> <li>• Veggspjald eða ljósrit af Barnasáttmálanum</li> </ul>



## Leiðbeiningar

1. Biddu börnin að ímynda sér að þau þurfi að annast kanínuunga og gefa honum nafn. Þau þurfa að hugsa fyrir öllu sem þarf til að hann sé ánægður, öruggur og heilbrigður. Leggðu fyrir þau spurninguna: „Á hverju þarf kanína að halda?“ Þau kunna að stinga upp á atriðum eins og búri, hálmi, mat, vatni, hreyfingu, athygli, ást eða kannski annarri kanínu sem féлага. Skrifðu „KANÍNA“ (eða nafnið hennar) efst í vinstri dálkinn á töflu eins og þeirri sem sjá má hér á eftir og skrifaðu niður svör barnanna.
2. Spyrdu þau síðan: „Hver á að sjá um að kanínan fái allt sem hún þarf á að halda?“ Skráðu svör barnanna, sem segja ef til vill að þau sjálf eða sá sem á kanínuna eigi að sjá um það.
3. Staðfestu hvað kanínan þarf til að geta komist lífs af og þroskast, svo sem mat, vatn og bú. Leggðu síðan fyrir þau spurningar á borð við:
  - a. Ef kanínan hefur virkilega þörf fyrir þessa hluti til að komast lífs af, ætti hún þá að eiga rétt á þeim?
  - b. Hver ber ábyrgð á því að örugglega sé komið til móts við rétt kanínunnar á að fá þessa hluti?
4. Skrifðu síðan „BÖRN“ efst í hægri dálkinn og biddu börnin að beita hugstormun til að svara spurningunni: „Á hverju þurfa börn að halda til að þroskast, vera hamingjusöm og njóta öryggis og heilbrigðis í lífinu?“ Skráðu svör barnanna og fáðu þau til að nefna atriði eins og heimili, mat, vatn, fjölskyldu, vini, leikföng, menntun, ást og athygli.
5. Leggðu fyrir þau spurninguna: „Hver ber ábyrgð á því að börn fái allt það sem þau þurfa á að halda til að vera ánægð, örugg og heilbrigð?“ Fáðu þau til að nefna fullorðið fólk, foreldra, fjölskyldu og þá sem annast þau.
6. Leggðu fyrir þau spurningar á borð við eftirfarandi, til að útfæra nánar hver réttindi barna eru, og bættu þeim við á töfluna:
  - a. Á hverju þurfa börn að halda til að njóta verndar, komast lífs af, þroskast og taka þátt í samfélaginu?

**Heimild:** *DIY guide to improving your community – getting children and young people involved*, Save the Children across Scotland, 2005.



- b. Hafi börn þörf fyrir þessa hluti, ættu þau þá að eiga rétt á þeim?
  - c. Hver sér um að börn njóti örugglega þessara réttinda?
7. Spyrðu börnin hvort þau hafi einhvern tímann heyrt talað um Barnasáttmálann. Láttu þau fá ljósrit af stytta útgáfu hans eða notaðu veggspjald. Útskýrðu fyrir þeim að þessi sáttmáli kveði á um þá hluti sem öll börn veraldar eiga rétt á.

### Samantekt og mat

1. Leyfðu börnunum að bera listann sinn á töflunni saman við Barnasáttmálann. Bentu þeim á að þau hafi búið til lista yfir réttindi barna. Leggðu fyrir þau spurningar á borð við:
  - a. Hvaða atriði nefnduð þið sem einnig er að finna í Barnasáttmálanum? Merktu þau með stjörnu á töflunni.
  - b. Hvers vegna haldið þið að ykkur sjálfum hafi dottið svo mörg réttindanna í hug?
2. Bentu þeim á að þau hafi strax vitað hvers börn þarfnast til að komast lífs af og ná þroska, án þess að nokkur fullorðinn hafi þurft að segja þeim það. Þau eru sjálf sérfræðingar um eigið líf. Skýrðu fyrir þeim að Barnasáttmálanum sé ætlað að styðja við réttindi barna, vernda þau, sjá til þess að þeirra sé gætt og tryggja að þau geti verið virkir þátttakendur í lífinu almennt.

### Tillögur um framhald

Þetta er prýðileg kynning á réttindum barna og sýnir hin sterku tengsl milli þess sem þau hafa þörf fyrir og réttindanna. Það liggur síðan beint við að vinna önnur verkefni þar sem nánar er fjallað um réttindi barna, svo sem „Mannréttindaóróann“, bls. 130.

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Þar sem lestrarkunnáttu er ekki þörf í þessu verkefni er hægt að láta yngstu börnin taka þátt í því. Þau þurfa aðeins að fá einfalda útskýringu á því hvað felst í hugtakinu „réttindi“. Barnasáttmálan má kynna fyrir þeim síðar.
- Hægt er að velja eitthvert annað gæludýr en kanínu.

### Tilbrigði

Ef við á mætti enda á því að lesa stytta útgáfu Barnasáttmálans upphátt og láta börnin skiptast á að lesa greinar hans.

### Breyting

- Vegna elstu barnanna: Þegar listi barnanna er borinn saman við Barnasáttmálann skaltu gefa þeim kost á umræðum um hverju þau slepptu að minnast á með spurningum á borð við:
  - Eru einhver atriði í Barnasáttmálanum sem ekki eru á listanum ykkar?
  - Hvers vegna haldið þið að þau séu í Barnasáttmálanum?
  - Hvers vegna haldið þið að ykkur hafi dottið þessi atriði í hug?

### Sýnishorn af töflu

KANÍNA	BÖRN

